

Miðvikudaginn 20. desember 1961.

Nr. 61/1961. Gunnar Gunnarsson
gegn
Bæjarstjóranum á Akureyri
f. h. bæjarsjóðs.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Ármann Snævarr
og Magnús Torfason.

Um öflun gagna.

Dómur Hæstaréttar.

Áður en dómur gangi í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að leiða í ljós, eftir því sem kostur er, þau atriði, sem nú verða talin:

1. Hvernig var háttað dvöl áfrýjanda á Akureyri og vinnu hans þar á árinu 1959 allt fram til þess, að á hann var lagt útsvar 7. ágúst s. á.? Hafði hann sérstakt herbergi þar á þessum tíma og hvernig var fæðisaðstöðu hans farið?

2. Hvers vegna var ekki lagt útsvar á áfrýjanda á Akureyri við aðalniðurjöfnun árið 1959?

3. Var lagt útsvar á áfrýjanda á Akureyri árið 1960? Ef ekki, þá hvers vegna?

4. Hverjar voru tekjur áfrýjanda árin 1958 og 1959 og að hverju leyti stafa þær frá atvinnu, er hann stundaði á Akureyri?

5. Hvernig var háttað aðstöðu áfrýjanda við útgerð á jarðýtu í félagi við Kristján Þórðarson á árunum 1958 og 1959?

6. Hvar var tekju- og eignarskattur lagður á áfrýjanda árin 1958 og 1959?

7. Rétt er að leggja fram skattframtöl áfrýjanda á árunum 1958 og 1959.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla ofangreindra gagna og upplýsinga.

Miðvikudaginn 20. desember 1961.

Nr. 180/1960. **Muninn h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
 gegn

Kristóbert Rósinkarssyni og gagnsök
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómdur:

hæstaréttardómaramennir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
 son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
 Magnús Torfason.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómendunum Haraldí Guðmundssyni skipstjóra og Rögnvaldí Jónssyni, fyrrverandi skipstjóra.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 24. október 1960, og krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir báðum réttum.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 12. desember 1960, og gert þær réttarkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 186.246.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 2. júlí 1959 til 21. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim tíma til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af fjárhæðinni frá þeim tíma til greiðsludags.

Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum úr hendi aðaláfrýjanda og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Pólstjörnnunni, ÍS 85, fyrir öllum dæmdum kröfum.